

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 1 af 3

Prófnúmer próftaka:	
---------------------	-------

Námsgrein til prófs:	Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%) ATH. Prófið er þrískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna, ábyrgðir (25%), ágríp úr réttarfari (25%).		
Prófdagur:	30. október 2010	Kl.:	0900-1300
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	4 (þ.m.t. forsiða)
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir		

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGGAUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Krossar (20,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi.

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar spurningar / fullyrðingar er jafnt (1,0%).
- ii. Að dregið er frá 0,25% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til spurningar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Aðeins annar tveggja svarmöguleika er réttur.
- v. Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Í tvíeðliskenningunni felst að erlendar réttarreglur geta verið bindandi réttarheimild að íslenskum rétti án sérstakrar aðkomu löggjafans (Alþingis).

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Yngri stjórnvaldsfyrirmæli (reglugerðir) ganga frammar eldri almennum lögum á grundvelli reglunnar um *lex posterior*.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

3. Réttarheimildin meginreglur laga vísar til þess þegar um algjört lagalegt tómarúm er að ræða og dómstólar byggja niðurstöðu á því sem er sanngjarnt og eðlilegt.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

4. Ef dómstóll telur lög andstæð stjórnarskrá falla þau ekki sjálfkrafa úr gildi.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

5. Tilgangur laga sem lögskýringarsjónarmið getur leitt til þrengjandi lögskýringar.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

6. Að íslenskum rétti gildir tvíeðliskenningin nema þegar EES-reglur eiga í hlut.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

7. Réttaráhrif EB-reglugerða (afleidd löggjöf) eru ekki nákvæmlega þau sömu að EES- og EB-rétti.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

8. Eldri sérhæfðari lög ganga frammar yngri almennari lögum.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

9. Almennt er talið að í reglunni um þingræði felist að ríkisstjórn þurfi stuðning meirihluta ráðherra.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

10. Í lögjöfnun felst að lagaákvæði er skýrt rýmkandi þannig að ólögfest tilvik er beinlínis felt undir lagaákvæði og dæmt samkvæmt lagaákvæðinu (rýmkandi lögskýring).
- ☐ Rétt
☐ Rangt
11. Vilji löggjafans sem lögskýringarsjónarmið endurspeglar huglægar lögskýringarkenningar.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
12. Með hugtakinu réttarheimild er meðal annars vísað til ríkjandi lögskýringarsjónarmiða að íslenskum rétti.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
13. Almenn textaskýring (orðskýring) sem lögskýringarsjónarmið leiðir hvorki til rýmkandi né þrengjandi lögskýringar.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
14. Þegar að stjórnarskrárvörin réttindi eru annars vegar er löggjafanum óheimilt að framselja lagasetningarvald til handhafa framkvæmdarvalds nema því aðeins að lögin mæli fyrir um takmörk og umfang hugsanlegrar réttindaskerðingar.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
15. Meðalhófsregla stjórnsýsluréttar vísar til þess að stjórnvaldi er óheimilt að ganga lengra en nauðsyn krefur til að ná lögmætu markmiði.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
16. Viðskiptavenja, sem gildir í samskiptum tveggja aðila, getur orðið grundvöllur réttarreglu þeirra á milli.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
17. Ef almenn lög ná efnislega yfir tiltekið tilvik þá er undantekningarlaust byggt á þeim sem réttarheimild.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
18. Við lögskýringu gengur almenn málvenja alltaf frammar lagamálvenju þegar íþyngjandi ákvæði eiga í hlut.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
19. Við lögskýringu er heimilt að líta til annarra gagna en greinargerða með lögum.
- ☐ Rétt
☐ Rangt
20. Venja sem réttarheimild getur legið til grundvallar fordæmi sem réttarheimild (fordæmið getur byggt á venju).
- ☐ Rétt
☐ Rangt

2. Ritgerð (15,0%)

Svarið *annað hvort* A eða B.

A) Lýsið hugtökunum (i) lögskýringarkenningar; (ii) lögskýringarsjónarmið og (iii) lögskýringarleiðir. Nefnið dæmi til útskýringar.

B) Gerið grein fyrir helstu réttarheimildum íslensks réttar og innbyrðis röð þeirra.

3. Tengingar (5%)

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar tengingar er jafnt (1,25%).
- ii. Tengið saman með því að draga línu á milli efnisatriða.
- iii. **Að aðeins einn svarmöguleiki / tenging á við hverju sinni.**

Lögmætisreglan

Lögskýringarleið

Skýring laga í samræmi við venju

Stjórnvaldsfyrirmæli mega ekki vera andstæð lögum

Þrengjandi lögskýring

Lögskýringarsjónarmið

Löggjöfnun

Réttarheimild

4. Raunhæft verkefni (10%)

Dómsmála- og mannréttindaráðherra vill bregðast við gagnrýni á það lagaumhverfi sem um Landsdóm gildir. Ráðherra veltir meðal annars fyrir sér möguleikanum á að setja reglugerð, með stoð í lögum um ráðherraábyrgð (almenn lög), þar sem settar eru tiltekna *nýjar efnisreglur* í stað þeirra sem eru í hinum almennu lögum. Rétt er að taka fram að í lögunum um ráðherraábyrgð er engin heimild til setningar reglugerðar.

Er ráðherra þetta stætt út frá viðurkenndum sjónarmiðum um samspil almennra laga og stjórnvaldsfyrirmæla? Ef ekki, hvaða aðrar leiðir gætu hugsanlega verið honum færar.

Rökstyðjið svar ykkar eftir því sem framast er kostur og nefnið dóma ef við á.

Ekki þarf að skoða lög um ráðherraábyrgð sérstaklega við samningu úrlausnar.